



FJARÐABYGGÐ



Reglur um veitingu fjárstyrks til greiðslu lögmannaðstoðar sbr. 47. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002

1. gr.

Barnaverndarþjónusta Fjarðabyggðar og Sveitarfélagsins Hornafjarðar veitir aðila máls fjárstyrk til greiðslu lögmannaðstoðar í samræmi við 47. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Að jafnaði skal veittur fjárstyrkur til lögmannaðstoðar áður en úrskurður er kveðinn upp í barnaverndarmáli.

2. gr.

Viðmið um greiðslu fjárstyrks eru eftirfarandi:

Umdæmisráð

Viðmið gera ráð fyrir að í þeim felist undirbúningur fyrir fund umdæmisráðs með skjólstæðingi, mæting á fund, ritun greinargerðar sem skilað er til umdæmisráðs og kynning á niðurstöðum úrskurðar fyrir skjólstæðingi.

Eðli máls	Tímafjöldi, klst.
Forsjársvipting	12-15
Vistun utan heimilis	8-12
Umgengi í tímabundinni vistun eða vegna vistunar í varanlegu fóstri en umgengi lýtur að tímabili sem er skemmra en 12 mánuðir	5-8
Umgengi í varanlegu fóstri til 12 mánaða	8-12

Úrskurðarnefnd velferðarmála

Viðmið gera ráð fyrir gerð kæru, samskiptum við úrskurðarnefnd og barnaverndarþjónustu Fjarðabyggðar og Sveitarfélagsins Hornafjarðar og kynningu á úrskurði fyrir skjólstæðingi.

Eðli máls	Tímafjöldi, klst.
Umgengi í tímabundinni vistun eða vegna vistunar í varanlegu fóstri en umgengi lýtur að tímabili sem er skemmra en 12 mánuðir	5-7
Umgengi í varanlegu fóstri til 12 mánaða	7-10

Hámarkstímagjald tekur mið af tímagjaldi samkvæmt leiðbeinandi reglum Dómstólasýslunnar um málsvarnarlaun eða þóknun til verjanda og þóknun til réttargæslumanna o.fl.

Fjárhæð styrks skv. fyrrgreindu skal að öðru leyti metin með hliðsjón af eðli og umfangi málsins. Ekki er veittur styrkur vegna viðveru lögmanns á fundum með starfsmönnum Barnaverndarþjónustu Fjarðabyggðar og Sveitarfélagsins Hornafjarðar nema sérstaklega hafi verið óskað eftir viðveru lögmanns af hálfu starfsmanns. Ekki er veittur styrkur vegna kostnaðar vegna ferðalaga og/eða ferðatíma lögmanna á fundi umdæmisráðs eða hjá Barnaverndarþjónustu Fjarðabyggðar og Sveitarfélagsins Hornafjarðar. Ekki er veittur styrkur vegna prentunar málgagna. Þá er ekki veittur styrkur vegna samskipta aðila við lögmann, önnur en nauðsynleg eru í tengslum við málsmeðferð fyrir umdæmisráði og úrskurðarnefnd, nema starfsmaður hafi sérstaklega óskað eftir að lögmaður taki þátt í samskiptum.

Almennt er ekki veittur fjárstyrkur til aðila sem eru með árstekjur meira en 9,5 milljónir. Sé viðkomandi í hjúskap eða sambúð skal miða við samanlagðar árstekjur upp á kr. 13 milljónir.



FJARÐABYGGÐ



3. gr.

Fjárstyrkur til að greiða fyrir lögmannsaðstoð er háður því skilyrði að lögmaður hafi leyfi til að flytja mál fyrir héraðsdómi, Landsrétti eða Hæstarétti Íslands, sbr. lög nr. 77/1998 um lögmennt.

4. gr.

Meðferðarfundir Barnaverndarþjónustu Fjarðabyggðar og Sveitarfélagsins Hornafjarðar afgreiða umsóknir um fjárstyrk til greiðslu lögmannsaðstoðar skv. 2. mgr. 47. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Beiðni um fjárstyrk skal fylgja tímaskýrsla lögmanns og skal hún send á viðkomandi starfsstöð Barnaverndarþjónustu Fjarðabyggðar og Sveitarfélagsins Hornafjarðar í gegnum íbúagátt sveitarfélaganna.

- Íbúagátt Fjarðabyggðar má nálgast [hér](#)
- Íbúagátt Sveitarfélagsins Hornafjarðar má nálgast [hér](#)

Ekki er veittur styrkur vegna ferða eða ferðatíma lögmanns. Meðferðarfundir Barnaverndarþjónustu Fjarðabyggðar og Sveitarfélagsins Hornafjarðar er heimilt að óska eftir áliti lögfræðings á vegum þjónustunnar á tímaskýrslu áður en umsókn er samþykkt eða hafnað.

5. gr.

Reglur þessar skulu kynntar aðilum máls ef málefni þeirra sæta meðferð Barnaverndarþjónustu Fjarðabyggðar og Sveitarfélagsins Hornafjarðar /umdæmisráði og þeim lögmonnum sem taka að sér að aðstoða þá, sbr. 47. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

6. gr.

Upphæð styrkja hverju sinni er miðuð við þann tíma sem vinnan var innt af hendi.

Reglur þessar taka gildi 17. september 2025 og falla úr gildi eldri reglur sama eðlis.

Fjarðabyggð 22. september 2025



Jóna Árný Þórðardóttir

bæjarstjóri